

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 187/2024

2024/EES/92/06

frá 23. september 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/749 frá 29. febrúar 2024 um leyfi fyrir lignósúlfónati sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/762 frá 1. mars 2024 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 um leyfi fyrir eplasýru, sítrónusýru sem er framleidd með *Aspergillus niger* DSM 25794 eða CGMCC 4513/CGMCC 5751 eða CICC 40347/CGMCC 5343, sorbínsýru og kalíumsorbati, ediksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati, própansýru, natríumprópíónati, kalsíumprópíónati og ammóníumprópíónati, maurasýru, natríumformati, kalsíumformati og ammóníumformati og mjólkursýru sem er framleidd með *Bacillus coagulans* (LMG S-26145 eða DSM 23965) eða *Bacillus smithii* (LMG S-27890) eða *Bacillus subtilis* (LMG S-27889) og kalsíumlaktati sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/777 frá 5. mars 2024 um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbase, fljótandi L-lýsínmonóhýdróklóríði og L-lýsínmonóhýdróklóríði, sem eru framleidd með *Escherichia coli* NITE BP-02917, sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/778 frá 5. mars 2024 um leyfi fyrir blöndu með próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* DSM 33099, sem fæðuaukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, sem eru aldri til varps og aldri til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/780 frá 5. mars 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* DSM 34663, sem fæðuaukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, allar tegundir alifugla til varps og sem eru aldar til varps, fráfærugrís, eldisvín og vatnakarpa, um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fæðuaukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, kalkúna sem eru aldri til undaneldis, aukategundir alifugla sem eru aldar til undaneldis, skrautfugla, mjólkurgrísi og aukategundir svína til eldis (leyfishafi er Huvepharma NV) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2015/1043, (ESB) 2017/1906 og (ESB) 2018/327 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/781 frá 5. mars 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 615.94, og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 120604, sem fæðuaukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldri til að verða varphænur (leyfishafi er Kerry Ingredients & Flavours Ltd.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 237/2012 og (ESB) nr. 1365/2013 ⁽⁶⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/749, 1.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/749/oj.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/762, 4.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/762/oj.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/777, 6.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/777/oj.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/778, 6.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/778/oj.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/780, 6.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/780/oj.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2024/781, 6.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/781/oj.

- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/794 frá 5. mars 2024 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.371, sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir fugla og spenagrísi af öllum svínategundum (leyfishafi er Victory Enzymes GmbH) ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/786 frá 6. mars 2024 um leyfi fyrir blöndu með timjanolíu, stjórnuanisolíu og dufti af sáputré sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldi (leyfishafi er Delacon Biotechnik GmbH) ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/806 frá 7. mars 2024 um leyfi fyrir furutinktúru úr *Pinus sylvestris* L. sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/824 frá 8. mars 2024 um leyfi fyrir maríuvandartinktúru úr *Gentiana lutea* L. sem fôðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir ⁽¹⁰⁾.
- 11) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/780 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1043 ⁽¹¹⁾, (ESB) 2017/1906 ⁽¹²⁾ og (ESB) 2018/327 ⁽¹³⁾, en þær gerðir hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum.
- 12) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/781 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012 ⁽¹⁴⁾ og (ESB) nr. 1365/2013 ⁽¹⁵⁾ sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr EES-samningnum.
- 13) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 14) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 559. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/764):

„560. **32024 R 0749:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/749 frá 29. febrúar 2024 um leyfi fyrir lignósúlfónati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/749, 1.3.2024).

561. **32024 R 0762:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/762 frá 1. mars 2024 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/415 um leyfi fyrir eplasýru, sítrónusýru sem er framleidd með *Aspergillus niger* DSM 25794 eða CGMCC 4513/CGMCC 5751 eða CICC 40347/CGMCC 5343, sorbínsýru og kalíumsorbati, edíksýru, natríumdíasetati og kalsíumasetati, própansýru, natríumprópiónati, kalsíumprópiónati og

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L, 2024/794, 6.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/794/oj.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L, 2024/786, 7.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/786/oj.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/806, 8.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/806/oj.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L, 2024/824, 11.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/824/oj.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 63.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 33.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 7.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 80, 20.3.2012, bls. 1.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 31.

ammóníumprópiónati, maurasýru, natríumformati, kalsíumformati og ammóníumformati og mjólkursýru sem er framleidd með *Bacillus coagulans* (LMG S-26145 eða DSM 23965) eða *Bacillus smithii* (LMG S-27890) eða *Bacillus subtilis* (LMG S-27889) og kalsíumlaktati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/762, 4.3.2024).

562. **32024 R 0777:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/777 frá 5. mars 2024 um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa, fljótandi L-lýsínmonóhýdróklóríði og L-lýsínmonóhýdróklóríði, sem eru framleidd með *Escherichia coli* NITE BP-02917, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/777, 6.3.2024).

563. **32024 R 0778:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/778 frá 5. mars 2024 um leyfi fyrir blöndu með próteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* DSM 33099, sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, sem eru aldir til varps og aldir til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd) (Stjtið. ESB L, 2024/778, 6.3.2024).

564. **32024 R 0780:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/780 frá 5. mars 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* DSM 34663, sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, allar tegundir alifugla til varps og sem eru aldar til varps, fráferugrísí, eldissvín og vatnakarpa, um leyfi fyrir þeirri blöndu sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukategundir alifugla sem eru aldar til undaneldis, skrautfugla, mjólkurgrísí og aukategundir svína til eldis (leyfishafi er Huvepharma NV) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2015/1043, (ESB) 2017/1906 og (ESB) 2018/327 (Stjtið. ESB L, 2024/780, 6.3.2024).

565. **32024 R 0781:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/781 frá 5. mars 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með alfagalaktósíðasa, sem er framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 615.94, og endó-1,4-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* CBS 120604, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, aukategundir alifugla til eldis og fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Kerry Ingredients & Flavours Ltd.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 237/2012 og (ESB) nr. 1365/2013 (Stjtið. ESB L, 2024/781, 6.3.2024).

566. **32024 R 0794:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/794 frá 5. mars 2024 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.371, sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir fugla og spenagrísí af öllum svínategundum (leyfishafi er Victory Enzymes GmbH) (Stjtið. ESB L, 2024/794, 6.3.2024).

567. **32024 R 0786:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/786 frá 6. mars 2024 um leyfi fyrir blöndu með tímjanolíu, stjörnuanisolíu og dufti af sáputré sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis (leyfishafi er: Delacon Biotechnik GmbH) (Stjtið. ESB L, 2024/786, 7.3.2024).

568. **32024 R 0806:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/806 frá 7. mars 2024 um leyfi fyrir furutinktúru úr *Pinus sylvestris* L. sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/806, 8.3.2024).

569. **32024 R 0824:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/824 frá 8. mars 2024 um leyfi fyrir maríuvandartinktúru úr *Gentiana lutea* L. sem fôðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/824, 11.3.2024).“

2. Texti liða 2zzf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012), 2zzy (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1365/2013), 138 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1043), 228 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1906), 257 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/327) og 2. undirliður (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1043) við lið 1zzzzx (framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 322/2009) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/749, (ESB) 2024/762, (ESB) 2024/777, (ESB) 2024/778, (ESB) 2024/780, (ESB) 2024/781, (ESB) 2024/794, (ESB) 2024/786, (ESB) 2024/806 og (ESB) 2024/824 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.